

Dalalæðan

6. árg. 1. tbl. janúar 1993

Útgefandi: Íbúasamtökin Vighóll í Mosfellsdal.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.
Ritnefnd: Gísli Jóhannsson, Ásgeir Indriðason.
Auður Eiríksdóttir,

Setning og umbrot: Frosti Jónsson.

Forsíðumynd: Þóra Sigurþórsdóttir.

Fjölritað í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.



Á leiðinni á þorablót!

Western fried pizzur.

Heimsendingarþjónusta innifalin.

S: 667373

NÓATÚN

MOSFELLSBÆ · SÍMI 666656



Jensine Kristine Magnusson frá Árvangi

f. 5. 1. 1924

d. 18. 7. 1992

Móðursystir mín Jensína Magnússon andaðist þann 18. júlí síðastliðinn eftir aðeins fjögurra daga dvöl á Íslandi.

Hún var í þann mund að koma sér fyrir í líttli íbúð við Víðiteig í Mosfellsbæ en hingað var hún að flytja frá Vejle í Danmörku þar sem hún hafði búið frá 1988 ásamt eiginmanni sínum, Jóni Magnússyni, sem lést haustið 1991.

Þau Jón kynntust árið 1941 þegar hann var við garðyrkjunám í Danmörku. Þau voru myndarlegt par og hef ég frá móður minni margar frásagnir frá þeim tíma.

Þau Systa og Jón fluttu hingað til lands strax að lokinni heimsstyrjöldinni, sigldu hingað með Dronning Alexandrina.

Þau reistu garðyrkjustöð á Árvangi í Mosfellsdal og ólu þar upp einn son, Bjarka.

Á notalegu heimili þeirra Systu og Jóns á Árvangi kynntist ég þeim heimi sem átti eftir að hafa mikil áhrif á líf mitt.

Eftir að Jón hóf störf á Álafossi sá Systa um garðyrkjustörfin að mestu leyti.

Ég var þá tíður gestur á Árvangi. Við Systa gengum marga kílómetra meðfram fossum og ám í berjatínslu, ég lærði hjá henni að meta íslenska matargerð og íslenska siði og venjur og ég kynntist Íslendingum.

Hún var nefnilega miklu meiri Íslendingur í sér heldur en Dani og hefði ég ekki getað fengið betri leiðsögn en hún og Jón gáfu mér.

Eftir að Systa og Jón fluttu til Danmerkur fyrir fjórum árum var tómlegra í Mosfellssveitinni.

Þau nutu þess að ferðast um Danmörku á slóðum sem þau höfðu aldrei farið um áður og oft nutu Íslendingar á ferðalagi í Danmörku gestrisni þeirra.

Þegar Jón féll sviplega frá árið 1991 tók Systa þá ákvörðun að snúa aftur til Íslands.

Þrátt fyrir lélega heilsu tókst henni að ganga frá innbúi sínu og senda til Íslands.

En heimförin dróst. Systa veiktist alvarlega og lagðist á sjúkrahús í Danmörku. Tæplega tveimur mánuðum síðar var henni treyst til fararinnar heim.

Mikil var gleði hennar og okkar allra yfir að henni skyldi takast að komast aftur hingað heim.

En gleðin var skammvin - fjórum dögum seinna lést hún.

Á einum af síðustu ævídögum hennar var farið í gróðurhús að huga að blómum og stiklingum sem hún hafði haft með sér frá Danmörku. Þá naut hún sín og var í essinu sínu. Með aðdáun fylgdist ég með því hvernig hún af natni handfjatlaði litlar plönturnar og tryggði þeim áframhaldandi líf í pottum. Þá var gott að njóta leiðsagnar hennar á ný.

Systa hafði látið það í ljós að hún væri ánægð með heimkomuna og nýju íbúðina sína. Þaðan gat hún aftur séð til Esjunnar og þar gat hún ræktað blómin sín.

Við þökkum þær góðu stundir sem við fengum að vera saman fyrr og nú.

Anne Grethe Hansen.

Katrín Guðmundsdóttir Minna-Mosfelli

F. 19. 11. 1900

D. 8. 12. 1992

Katrín Guðmundsdóttir var fædd að Urriðakoti í Garðahreppi þann 19. nóvember árið 1900. Foreldrar hennar voru hjónin Guðmundur Jónsson og Sigurbjörg Jónsdóttir sem þar bjuggu og var Katrín ein tíu barna þeirra hjóna sem náðu fullorðinsaldri en tvö börn þeirra létust í frumbersku. Þrjár systur af þeim stóra systkinahópi lifa systur sína.

Á heimili foreldra sinna í Urriðakoti liðu æsku- og uppvaxtarár Katrínar við trausta og kærleiksrika forsjá og glaðan leik. Hefðbundinn búskapur í íslenskrí sveit var forsenda framvindunnar og með dugnaði og vinnusemi, ýtni og nægðusemi undi fjölskyldan góðum hag þó jarðskikinn væri ekki stór.

Katrín giftist Skarphéðni Sigurðssyni frá Litlu-Gröf í Borgarhreppi þann 12. maí árið 1923. Þau hófu búskap sinn í Reykjavík en Skarphéðinn hafði þá hafið störf hjá Eggert Briem sem meðal annars rak búskap í Viðey. Reykjavíkurlárin urðu ekki mörg í lífi Skarphéðins og Katrínar. Þau fluttu úr borginni, fyrst að Keldum en þar bjuggu þau í tvö ár en síðan út í Viðey þar sem þau ráku sjálfstæðan búskap í sex ár. Úr Viðey flytja þau síðan hingað í sveitina að Minna-Mosfelli árið 1937 og bjuggu þar síðan allan sinn dag.

Börnin sem Guð gaf eru synirnir þrír Guðmundur Óskar, Skúli Viðar og Sigurður. Allir búsettir hér í sveitinni með fjölskyldum sínum. Guðmundur bjó að Minna-Mosfelli með foreldrum sínum. Hann er ókvæntur og barnlaus. Skúli er kvæntur Þuríði Hjaltadóttur, og eiginkona Sigurðar er Guðrún Karlsdóttir. Við andlát Katrínar eru barnabörnin 8 talsins en barnabarnabörnin 4. Heimilið sem þau hjónin bjuggu sér og sínum var traust og gott og naut virðingar samferðamanna. Skarphéðinn heitinn var mikill og góður bóndi og samhent stóðu þau hjónin fyrir myndarlegu búi, þar sem snyrtimennska var í fyrirrúmi, reglusemi og ábyggilegheit, greiðasemi og vinátta sem gott var að njóta af gestum og gangandi. Skarphéðinn andaðist árið 1971. Eftir það hélt Katrín heimili með Guðmundi syni sínum. Hún andaðist á Borgarspítalanum þann 8. desember síðastliðinn, södd lífdaga í hárrí elli 92 ára að aldri.

Sú minning sem Katrín heitin Guðmundsdóttir lætur eftir með lífi sínu og starfi er björt og fögur og þau gildi sem hún kaus lífi sínu til viðmiðunar eru verðmætari og varanlegri en margt það hismi og hégómi sem veröldin gefur athygli í firrtum heimi nútíðar. Katrín heitin var traust manneskja og góð, með stillt fas og framgöngu, - ákveðin og föst fyrir þætti henni nokkru skipta en ætíð jafnlynd og fór með friði við samferðamenn alla. Hógvær og æðrulaus kona sem aldrei kaus sjálfri sér athygli en vann lífstarf sitt, fagurt og gæfuríkt á sinn hljóða og kyrrláta hátt. Hún var greind kona og skynsöm, og hafði yndi af lestri góðra bóka. Heimilið var henni helgidómur. Allt var þar fagað og prýtt af stakri snyrtimennsku. Hún var mikil hannyrðakona og blómakona og það með öðru gefur svip hlýju og natni. Leiðsögn hennar var ekki í stórum orðræðum heldur framar öllu í fögru og kærleiksriku fordæmi þeirrar hljóðu og stilltu fórnarþjónustu sem hún vann öllu og öllum sem áttu með henni samleið. Katrín heitin var fyrst og fremst kona heimilisins en hún var líka mikið náttúrubarn. Hún unni áttögum sínum en hún tók einnig djúpa trygð við dalinn sinn hér og fólkið sem byggði hann. Hér undi hún árin sín flest og átti sínar sælustu stundir með fjölskyldu og vinum. Guð blessi minningu hennar.

Klæðum landið!

Það má orðið sjá nokkra trjáreiti hér víðsvegar í Dalnum, þar sem fólk hefur potað niður plöntum og hjálpað til vaxtar og þroska. Vakning virðist vera alls staðar í þjóðfélaginu að bæta klæði fjallkonunnar. Síðastliðið sumar var heilmikið af trjásett í Æsustaðahlíðar og austan til í Helgafellið. Þá var einnig gróðursett í landi Mosfellskirkju. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að hægt verði að klæða hringinn í kring um Dalinn með trjám og fá skjól og fegra melana hér um kring. Svo má líka benda á að allt of miklu er hent af plöntum og alls kyns afleggjurum sem koma úr gördum fólks þegar grisjað er. Má þá ekki fara með afleggjara bæði fjölær blóm og trjáafklippur upp í næsta holt og pota því niður? Ef t.d. ein planta af 10 lifir, þá er það mjög góður árangur því sú fer að fjölga sér og breiðir klæði sín yfir þar sem var ber melur.

Látum hendur standa fram úr ermum og reynum að taka flag í fóstur. Það verður gaman að sjá hvernig það tekst. Með gróðurkveðjum heim og í holti:

Gísli J. og Auður E.

Malalæðan þakkar veittan stuðning:

-Búnaðarbankinn í Mosfellsbæ

-Bílaverkstæði Guðvarðar Hákonarsonar

Flugumýri 16.

S: 666257

-Absalon hársnyrtistofa

Urðarholti 4

S: 668500

-Karlakórinn Hekla

-Selkó h/f Smiðjuvegi 9 Kóp.

-Fuglakynbótabúið Reykjum

Ólimpíufari úr Dalnum.

Það er ekki á hverjum degi sem Dalbúar eignast ólimpíufara.

Sú verður þó raunin í marsmánuði n.k.

Þá mun Einar Scheving Thorsteinsson frá Árvangi keppa á svonefndum "Special Olympic Games" sem fara fram í Salzburg í Austurríki.

Einar keppir fyrir íþróttafélagið Ösp í Reykjavík og munu 11 íþróttamenn keppa fyrir hönd félagsins í Austurríki en alls taka um 1000 keppendur frá ýmsum þjóðlöndum þátt í leikunum.

Einar mun keppa í golf-hokki sem líkist einna mest svokölluðu bandí.

Dalalæðan óskar Einari góðs gengis í Austurríki.

Merkisafmæli á árinu.

Guðbjörg Sigurjónsdóttir í Reykjadal 2 verður 70 ára þann 8. júní n.k.

Guðmundur Skarphéðinsson á Minna-Mosfelli verður 70 ára þ. 12. ágúst og Ólafur Ingimundarson á Hrísbú verður sextugur þ. 22. nóvember.

Dalalæðan óskar þessu heiðursfólki til hamingju.

Leirnámskeið

Þóra Sigurbórsdóttir leirlistarkona á Hvirfli í Mosfellsdal heldur leirnámskeið nú í febrúar og mars. Kennslan fer fram á vinnustofu Þóru á Álafossi á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og hefst þriðjudaginn 9. febrúar kl. 20.00.

Námskeiðið er í sjö skipti og er opið öllu áhugafólki um leirlist.

Þar verður kennd mismunandi tækni og unnið bæði með steinleir og postulínsleir. Þátttakendur geta unnið ýmsa smærri hluti s.s. skálar og nælur.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í námskeiðinu eru beðnir um að hafa samband í síma 667098 eða 668254.

**KAUPFÉLAG
KJALARNESÞINGS**



Sími 666 226 – Kaupfélagsstjóri 666 450

Heimildir um Kjósarsýslu.

Guðjón Sigbór Jensonn sem búsettur er í Mosfellsbæ hefur unnið að lokaritgerð í bókasfnfræði við Háskóla Íslands.

Þar hefur Guðjón gert ýtarlega skrá yfir allt það sem ritað hefur verið fyrr og síðar um hvaðeina sem tengist Kjósarsýslu.

Í formála fyrir ritgerð sinni segir Guðjón að hann telji “að skrá sem þessi gæti verið mjög gagnleg ýmsum notendahópum innan sýslu og utan. Má þar til nefna skólanemendur, veiðiahugafólk, grúskara af öllu tagi og ekki síst náttúruskoðara sem vilja gjarnan leita efnis um þetta svæði.”

Guðjón flokkar skrána eftir efni og tölvutæknin gerir okkur kleift að nálgast heimildirnar eftir mörgum leiðum.

Til dæmis getur tölvun fundið á svipstundu allar þær heimildir sem fjalla á einn eða annan hátt um silfur Egils Skallagrímssonar.

Lítum á silfrið:

1. Bjarki Bjarnason, 1952 -. Egill, Egill herm þú mér - hvar á landi silfrið er. Dalalæðan 1990.
2. Bjarni Einarsson, 1917 -. Fólgið fé á Mosfelli. Sjöútu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni sjötugum. Reykjavík, 1977.
3. Kristján Eldjárn (1916 - 1982). Kistur Aðalsteins konungs. Gengið á reka. Akureyri, 1948.
4. Magnús Grímsson (1825 - 1860) : Athugasemdir við Egils sögu Skallagrímssonar. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Kaupmannahöfn, 1886.
5. Mosfellshreppur: skjaldarmerki. Sveitarstjórnarmál, 1968.
6. Silfur Egils fundið í Mosfellsdal : stórmerkur fornleifafundur í Kýrgili. Morgunblaðið 1. apríl 1962.
7. (Snorri Sturluson 1178 - 1241) : Egils saga. Reykjavík, 1933.

Ekki er vafi á því að mikill fengur er af skrá Guðjóns fyrir áhugafólk um ýmis mál innan Dals og utan.

Er full ástæða til að ráðast í útgáfu á skránni þannig að allur almenningur geti haft aðgang að henni.

B.B.

Mjallhvít og Magnús Grímsson.

Á öðrum stað hér í blaðinu er sagt frá mannskaðanum á Mosfellsheiði árið 1857 þegar sex vermenn fórust.

Þeir voru jarðsettir í Mosfellskirkjugarði og var grafreitur þeirra til skamms tíma afmarkaður með grindverki úr járn. Leiði þeirra eru til vinstri þegar gengið er inn um gamla sáluhliðið.

Presturinn sem jarðsöng þá hét Magnús Grímsson og varð minningarræða hans viðfræg.

Magnús var fæddur árið 1825 og andaðist úr taugaveiki aðeins 35 ára gamall. Hann var prestur á Mosfelli frá 1855 til dauðadags. Þrátt fyrir skamma ævi gat hann sér gott orð fyrir ýmislegt m.a. skáldskap og uppfinningar (Hann fann t.d. upp sláttuvél og einhvers konar róðrarvél.)



Þá ritaði hann ýmislegt um náttúrufræði en þekktastur varð hann fyrir þjóðsagnasöfnun sína. Hann safnaði þjóðsögum bæði einn síns liðs og í félagi

við Jón Árnason. Hlutur hans í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar er ekki lítill.

Magnús er einn af þeim fyrstu sem safna þjóðsögum á skipulegan hátt.

Hann lét sér ekki nægja að safna þjóðsögum heldur þýddi hann líka ævintýrið um Mjallhvíti sem er eitt af Grimms-ævintýrum.

Þetta er fyrsta þýðingin á ævintýrinu á íslensku og þess vegna verður þessi gamli Dalbúi að teljast höfundur íslensku nafngiftarinnar Mjallhvít.

Honum til heiðurs reisti bókaútgáfan Þjóðsaga bautastein í hlóðinni fyrir ofan Mosfell og nú ætla Dalalæðan að birta upphafið af þýðingu Magnúsar á ævintýrinu um Mjallhvíti.

Þýðingin kom út í Kaupmannahöfn árið 1852.

Það var einu sinni um hávetur í ákafri snjókomu, að drottning nokkur sat við gluggann í höllinni sinni, og var að sauma. En gluggagrindin var úr hrafnsvörtu íbenholti *). Henni var þá lítið út um gluggann á mjöllina, sem hlóðst niður í gluggatóptina, og sem var svo drifhvít að það var undur. Hún stakk sig þá á nálinni

*) Eins konar trje.

MJALLHVÍT.

ÆFINTÝRI HANDA BÖRNUM,

MEÐ 17 MYNDUM.



M. GRÍMSSON

hefur áfentnað.

KAUPMANNABÓFN.

Á höfnunni E. Jóhannsson. — Prentað hjá Louis Kleio.

1852.

í fingurinn, svo að það hrutu niður fáeinir blóðdropar á gluggakistuna. En þegar hún sá hversu hið rauða var fagurt hjá drifhvíttri mjöllinni þá hugsaði hún með sjálfri sjer: “Það vildi jeg að jeg ætti mjer svo lítið barn, eins hvítt og mjöll, eins rautt og blóð, og eins svart og gluggagrindin sú arna.”

Skömmu síðar eignaðist drottningin ofur-litla dóttur sem var eins hörundsbjört og mjöll, eins fagurrijóð og blóð, og eins hrafnsvört á hár eins og ísbeholt. Af þessu var hún kölluð Mjallhvít.

Mars 1857

Sex menn verða úti í blindhríð og hörkufrosti á Mosfellsheiði

Átta komast af, kalnir og skemmdir.

Á fimmtudaginn þriðja í góu lögðu sex vertíðarmenn af stað úr Biskupungum. Þeir voru þessir: Pétur Einarsson, vinnumaður í Múla, Guðmundur, sautján vetra piltur af sama bæ, Kristján frá Arnarholti, Þorsteinn frá Kervatnsstöðum, sautján vetra, Sveinn frá Stritlu og Einar frá Hrauntúni. Fóru þeir um kvöldið út í Laugardal og gistu þar. Var þar von fleiri samferðamanna. Þeir lögðu af stað að morgni og voru nú fjórtán saman. Þessir voru úr Laugardalnum: Bjarni frá Böðmóðsstöðum, Gísli úr Austurey og annar Gísli Jónsson, Ísak og Þiðrik úr Útey, Jón af Ketilvöllum, Guðmundur frá Hjálmsstöðum og Egill frá sam bæ.

Gista á Þingvöllum.

Slyddudrifa var um daginn, og gerði snjó mikinn og þungfært. Svo var dimm drifan, að þeir félagar fóru afvega, áður en birtí svo upp, að sá bæinn á

Gjábakka. Þangað héldu þeir og drukku þar kaffi. Þingvallavatn lá allt með ísi. Vegna dimmviðris þótti óráð að leggja á vatnið, og ákváðu þeir félagar að halda inn með löndum. Fóru þeir til gistingar í Vatnskoti, en hinir allir að Þingvöllum. Var fólk flest háttað, og varð lítið um beina. Voru þeir látnir setjast í hús undir stofulofti og sváfu þar fjórir í rúmi um nóttina, en hinir í baðstofunni. Lítið sváfu þeir sumir um nóttina, bæði sakir þrengsla og kulda, er þeir voru allir rennvotir eftir slydduna um daginn. Félagar þeirra í Vatnskoti höfðu beina góðan.

Grimmasta norðanhrið.

Að morgni lögðu þeir allir af stað. Þá var veður bjart og hið blýðasta, en snjórinn í kné. Varð sumum tíðrætt um það, að illa hefði þá dreymt um nóttina. Héldu þeir nú leiðar sinnar út hjá Kárastöðum. Var þá svo dætt veðrið, að draup af þiljunum, er snjórinn þiðnaði. Segir ekki af ferðum þeirra, unz þeir koma utarlega í Vilborgarkeldu. Sjá þeir þá draga upp lítinn skýhnoðra yfir Esjunni, og að vörmu spori var skollin á þá grimmasta norðanhrið. Réðust þeir nú um, hvað til bragðs skyldi taka. Vildu sumir snúa aftur og leita bæja, aðrir töldu það óráð, og þótti lítil von til að finna hina strjálu bæi í Þingvallasveit, en vöðalegt að villast út á vatnið eða í hraunið. Þótti þeim meiri von að takast mætti að finna sæluhúskofann á heiðinni og, ef það brygðist, þá Mosfellsdalinn. Var þetta ráð tekið og halda þeir nú á heiðina. Hriðin var svo svört að ekkert sást frá sér, og sterkviðrið og frostharkan að sama skapi. Fuku höfuðfötin af sumum, og var enginn kostur að elta þau. Það var skömmu fyrir hádegi, að hriðin skall á. Frusu skjótt að þeim klæðin, er vot voru frá því daginn áður, og gerðist stírt um ganginn; tóku þeir mjög að þreytast og sumir að gefast upp. Guðmund frá Hjalmsstöðum þraut fyrstan, og er hann þó hinn gildasti maður af karlmennsku, en miður göngufær. Hinir, sem færastir voru, hjálpuðu þeim þreyttustu eftir megni.

Að þrotum komnir.

Egill frá Hjalmsstöðum hafði gengið fyrir um hrið. Þótti þeim Pétri og Einari sem hann mundi hafa haldið of mikið í veðrið og stefna of norðarlega. Þar á heiðinni er klif nokkurt, er verða átti á leið þeirra, en það urðu þeir eigi varir við. Kom þeim Pétri og Einari saman um, að þeir skyldu ganga á undan og ráða stefnunni. Sneru þeir þegar undan veðrinu, svo sem þeir hugðu stefnu vera á Mosfellsdalinn. Gengu nú svo um hrið, unz fimm voru svo þrotnir félagar þeirra, að enginn var kostur, að þeir mættu lengra komast. Aðrir kváðust aldrei skyldu ganga frá félögum sínum svo nauðlega komnum. Urðu þá allir kyrrir. Þá var enn löng stund til dagseturs. Þeir, sem mest voru komnir, fleygðu sér þegar niður í hjarnið, en hinir stóðu uppi yfir þeim. Sumir reyndu að pikka holu í harðfennið með stöfum sínum og lögðust svo þar niður í og létu skefla yfir sig.

Ömurleg nótt.

Marga tók nú að kala. Á Agli var allt andlitið orðir hvítt. Leið svo fram að dagsetri. Stóðu þá enn nokkrir uppi. Þá heyrðu þeir Þorstein frá Kervatnsstöðum reka upp hljóð þrisvar sinnum, og hneig hann niður við hið síðasta. "Hörmulegt er að heyra,"

mælti Kristján. "Ef þú getur ekki að gert," mælti Pétur, "þá er best að þegja." Gerðist nú myrkt af nótt, svo að enginn sá annan. Þar kom, að enginn stóð uppi, nema Pétur og Einar. Söndu þeir það þá með sér, að þeir skyldu aldrei niður leggjast, meðan þeir mættu báðir standa. Þeir voru þá báðir ókálnir enn. Leið svo fram eftir nóttinni. Ekkert sást fyrir náttmyrkri og snjódrífu, og klakahúð sem þakti andlit þeirra.

Frosnir við hjarnið.

Þá er langt var liðið á nótt, heyrði Pétur, að kallað var í snjónum fyrir fótum honum og beðið í guðs nafni að rífa frá snjóinn, því að sér lægi við köfnun. Pétur þreifaði fyrir sér og fann þar Þorstein örendan. Hafði hann hnigið ofan á höfuðin á þeim Bjarna og Ísak. Voru þeir báðir á líffi, en máttu hvergi hrærast, bæði vegna líksins, sem lá yfir þeim, og svo voru þeir frosnir niður við hjarnið. Pétur snaraði burt líkinu, og tóku þeir Einar svo báðir að losa þá Bjarna og Ísak. Vöknuðu nú fleiri í skaflinum, en enginn mátti upp standa, svo voru þeir frosnir niður. Tóku þeir Pétur þá hvern af öðrum, og svo hjálpaði hver, sem á fætur komst, eftir megni. Var það hin mesta raun að losa þá úr skaflinum með höndunum einum, því að eigi var þorandi að neyta stafbroddanna, þar sem bæði var niðamyrkur og handastjórn tekin að fatast, er flestir voru kálnir og varla hægt að ráða sér fyrir ofviðrinu. Í þessari svipan kól þá báða, Pétur og Einar, mjög á höndum og fótum. Að lyktum voru allir komnir á fætur, nema Jón frá Ketilvöllum. Reyndu þeir lengi að losa hann, en gátu eigi, enda fundu þeir ekki lífsmark með honum. Að þessu starfi höfðu þeir verið allan síðari hluta nætur. Stóðu þeir uppi tólf, sem á líffi voru, þegar dagsbrún sást.

Þrír hníga niður dauðir.

Í dögunina gerði þann feiknasvip, og herti svo frostið, að langt bar af því, sem verið hafði. Skullu þeir þá niður hver á fætur öðrum, en nokkrir þeir, sem færastir voru, leituðust við að reisa þá á fætur jafnóðum og styðja þá. Það er til marks um frosthörkuna, að á Péttri var orðin svo þykk klakaskán fyrir öllu andlitinu, að hann gat eigi brotið hana. Var hvergi gat á, nema fyrir öðru munnvikinu, og frosið allt saman hár og skegg og klæði. Bað hann þá Kristján að brjóta frá klakann og lagðist niður á bakið. Kristján pikkaði með staf sínum rauf fyrir enninu. Þreif Pétur þar í og reif frá allt saman. - Gekk á þessu um hríð, unz þeir Þiðrik, Ísak og Egill hnígu dauðir niður í höndum félaga sinna. Þeim, sem eftir stóðu, kom þá saman um að halda af stað og leita byggða. Létu þeir eftir poka sína alla og stafi. Er þeir höfðu skamma stund gengið, kallaði Guðmundur frá Múla til Péturs og bað hann leiða sig. Gerði Pétur svo. Brátt fann hann, að sér mundi verða það of þungt einum. Kallaði hann þá til Einars og bað hann að leiða Guðmund með sér. Einar var fús til þess. Í sama bili bar þar að Gísli Jónsson. Var hann mjög þrotinn. Varð þeim Péttri nú seinfarið, er þeir urðu að draga tvo aðra máttfarna með sér, enda misstu þeir í þessum svifum sjónar á félögum sínum öðrum.

"Bágara eiga þeir."

Frá fyrri hópnum er það að segja, að þeir héldu saman allir fimm og komust um

miðjan morgun að bænum Gullbringum. [Seinna var bærinn kallaður bringur] Voru þeir þá aðframkomnir og gátu naumast staðið. Fengu þeir þegar beztu hjúkrun, sem kostu var á. Svo voru þeir rænulausir, að þeir gátu ekki um félaga sína, er á eftir voru, fyrr en eftir nokkra stund, er einhver heimamanna var að aumka þá, hve bágt þeir ættu. Þá rankaði einn þeirra við og sagði: "Bágt eigum við, en bágara eiga þeir, sem eru á eftir." Þegar bóndinn, Jóhannes Lund, heyrði þetta, bjóst hann þegar að leita þeirra, er á eftir voru, og var það jafnsnemma og stytta upp hríðinni.

Guðmundur andast.

Nú er að segja frá þeim Péttri, er þeir voru orðnir viðskila við félaga sína. Pétur og Einar höfðu Guðmund á milli sín, en Gísli hélt sér í þá. Héldu þeir svo fram ferðinni langa hríð. Allt í einu kipptist Guðmundu við svo hart, að hann ýtti hinum frá sér. Voru það dauðateygjumar, er hann tók fyrsta andvarpið. Báru þeir hann þó enn um hríð á milli sín, unz þeir skildu, að það kom fyrir ekki. Þá var stytta upp hríðinni, og var það eins snögglega og hún hafði skollið á. Létu þeir nú lík Guðmundar eftir og er þeir höfðu skamma hríð farið, sáu þeir mann koma á móti sér. Var þar kominn Jóhannes í Gullbringum að leita þeirra. Stefndu þeir þá fyrir autan endann á Grímmannsfelli, er Jóhannes kom að þeim. Komust þeir nú allir heim með honum, en svo voru þeir máttfarnir, að Jóhannes varð að lyfta undir þá, til þess að þeir kæmst upp baðstofutröppurnar. Það var um hádegi, er þeir komu til bæja. Hjálpaði Jóhannes þeim úr fótunum, setti þá niður í vatn og snjó eftir þörfum og veitti þeim allan beina, sem hann gat.


Sumir hrakningamanna eru mjög kalnir, og er Pétur verst á sig kominn. Þó er talið að allir muni þeir halda lífi.

Líkin fundin.


Þegar á sunnudaginn fóru Mosfellssveitarmenn að leita hinna látnu og farangursins. Fundu þeir brátt lík Guðmundar frá Múla. Því næst fundu þeir Ísak nokkru norðar. Töldu þeir hann vera með lífsmarki. Fluttu þeir hann þegar heim að Stardal, því að þangað var skemmt, en hann dó á leiðinni. Síðan héldu leitarmenn aftur upp á heiðina og fundu hina mennina fjóra sunnan til við Leirvogsvatn í Ljósatjarnarlæk. Höfðu þeir lagzt rétt við lækinn. Jón frá Ketilvöllum var þá enn með lífsmarki. Fluttu þeir hann að Stardal, en hann dó einnig á leiðinni.

(Frásögnin er byggð á bókinni Öldin sem leið.

Gíls Guðmundsson tók saman.)



Þora Sigurþórsdóttir Vinnustofa Álafoss Mosfellsbæ v sími 66 82 54
h sími 66 70 98 opið á laugardögum og öðrum tímum eftir samkomulogi



Mosfellsbakari

Urðarholti 2 – Sími 666145

Nafnfr. 6592-4552



MOSFELLS APÓTEK

pverholti 3 – 270 Mosfellsbær

Pósthólf 255 – Sími 667123

Kí 510179-0219 – VSKnr. 27316

Gamalt bréf

Æsustöðum 18. mars 1928.

Minningar vaka, ég man frá æskudögum
móðurást þína og gát á mínum högum.
Man er ég sat á hnjónum þínum heima,
heyrði þig biðja Drottinn mig að geyma.

Þannig kveður pabbi fóstru sína í bréfi til hennar, með ofanritaðri dagsetningu.
Í öðru bréfi, sem er skrifað á Æsustöðum 21. maí 1927, er undirritaður bráðum 5
vikna, talinn efnilegur en magaveikur. Mamma sagði mér að maginn hefði verið í
lagi, en drengurinn sísvangur og virðist það ekki eldast af honum.

Margrét Jónsdóttir frá Litlupverá í Húnavatnssýslu var fóstra pabba og honum
sem besta móðir, hún var amma Jónu frá Hamrafelli (í Mosfellssveit), er hafði
varðveitt 11 bréf, sem pabbi hafði skrifað fóstru sinni á árunum 1920-1927.

Gaf Jóna undirrituðum þessi bréf og hafi hún innilegar þakkir fyrir. Þessi bréf eru
okkur systkinunum dýrindis perlur, en fjögur okkar eru fædd í Mosfellsdalnum.

Í minningu alls þess góða fólks, sem búið hefur í Dalnum, færi ég Bjarka
Bjarnasyni, eitt þessara bréfa til birtingar.

Ösp, 19. janúar 1993

Halldór Lárusson

Æsustöðum
21. maí 1927

Elsku mamma mín !

Jeg man ekki hve langt er síðan jeg skrifaði þjer síðast, jeg veit aðeins að það er orðið
svo langt, að jeg er farinn að skammast mín fyrir löngu. Af mjer og mínum er alt
gott að frjetta. Við eigum nú þrjú börn, Margrjet er nú bráðum þriggja ára og er kát
og fjörug en dálftið óþekk. Magnús er tveggja ára um rjetir, ef hann lifir, duglegur
strákur og fyrirhafnarmikill. Yngst er svo drengur bráðum 5 vikna. Hann er
efnilegur og er þó magaveikur. Konan mín segir mjer að segja þjer, að hann hafi
fæðst 19. apríl og verið 17 merkur fæddur. Jeg kendi hjer í sveitinni í vetur, eins og
að undanförmu; en í vor verð jeg í "akkorðs"-vinnu- skurðagreftri- hjá prestinum á
Mosfelli, svo jeg get verið heima hjá mjer. Kaupið býst jeg við að verði 9-10 kr.
á dag eftir því hvað jeg gref mikið, annars er ekki goldið í daglaunavinnu nema mest
7 kr. á dag.

Við verðum kyr hjer á Æsustöðum næsta ár, lengra fram vitum við ekki. Jeg býst við að verða heima í sumar. Er búinn að fá lofun fyrir slægjum hjer skamt frá, og ætla mjer svo að heyja fyrir sjálfan mig, og sel þá hey, ef jeg geri meira, en að heyja handa mñnum skepnun. Við vorum svo óheppin, að kýrin okkar gekk af tímanum, svo jeg rjæðist í að kaupa snemmbæru. Hún átti að kosta 350.00 kr. en jeg fæ hana fyrir 300.00 með því móti að borga hana út þegar jeg tek hana. Kýrin er búin að eiga 3 kálfa, er stór og fönguleg, á að bera um veturnatur. Heppnist hún verður hún búin að borga sig að mestu leiti eftir árið.

Það sem okkur þykir verst, er að hafa engan landskika til að rækta, svo við getum átt nokkurnveginn vísan samastað lengur en eitt ár í senn. En það er ekki hægt um vik með slíkt hjer, bæði eru löndin lítil og hrjóstrug, og svo óskaplega dýr, að búskapur ber sig ekki á þeim, þótt hægt væri að festa kaup á þeim og leiga fer eftir verðinu ef þau eru tekin á leigu.

Mikið langaði okkur til að skreppa norður í vor, en ekki getur orðið úr því að sinni. Jeg má ekki við því að fara með tíma til þess, og svo verðum við að kaupa okkur hesta, en fjárhagurinn ber ekki slíkt, með beljukaupunum. Jeg þakka þjer mjög vel fyrir brjefið, sem jeg fékk frá þjer í ágúst síðastliðinn og vona að fá eitthvað að heyra frá þjer bráðlega. Jeg skal reyna að hrista af mér letina og skrifa þá aftur.

Vertu blessuð og sæl elsku mamma mín. Guð gefi að þjer líði alltaf vel.

Pinn elskandi fóstursonur
Lárus Halldórsson
frá Litluþverá

Jeg bið kærlega að heilsa kunningjunum og
konan mín biður mjög vel að heilsa þjer.

Pinn sami.

L.H.

*Jeg kændi þjæ i sveitinni
i netur, eins og að undanförmu; en i vor
verð jeg i "skolesteds" nimmur - skoldagur þjæ - þjæ
prestinnu i Mosfelli, svo jeg get verid heima
þjæ mjer. Staupid, þjæst jeg við al verid 9-10 br.
a. 7 dag i þjæ þjæi hjerð jeg gref mikit, annars at
sk. þjæ góðid i daglaunavinnu minna mest 1 kr. i dag.*

Dalfréttir

Porrablót '92 var haldið 1. feb. með glæsibraag eins og Dalbúa er venja. Lúðrasveitin Brak og brestir tók á móti gestum með stórsveiflu. Þorramaturinn bragðaðist vel og hákarlsilmurinn var lengi í vitum manna. Birgir Sig. flutti smápistil um mannlíf í Dalnum enda býr hann uppi á kirkjuhólnum og getur fylgst með öllu sem fram fer í Dalnum. Okkar indæla Diddú stökk fram á sviðið og heillaði alla upp úr skónum með söng sínum við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Síðan var dansinn stiginn fram á nótt við glaum og gleði.

Gróðursetning

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur fengið svæði í Æsustaðahlíðum til gróðursetningar. Í vor voru unglingar á vegum bæjarins að planta rúmlega 60.000 plöntum þarna. Þá bárust um mitt sumar 2000 birkiplöntur frá Hallormsstað og var hóað í Dalbúa til að pota þeim niður. Fimmtudagskvöldið 23. júlí mættu 20 manns til gróðursetningar og tók verkið u.p.b. 3 klst.

Aðalfundur var haldinn 30. nóv. í Reykjadal. Mættu 11 manns og var mikið spjallað. Ákveðið var að velja Gísla Jóhanns, Auði Eiríks og Sigríði Halldórs í nefnd til að athuga með rútuferðir í Dalinn. Í stjórn félagsins eru: Gísli Jóhannsson formaður, Auður Eiríksdóttir gjaldkeri og Ásgeir Indriðason ritari.

Gamlársbrenna var haldin í Hrísrúarlandi eins og undanfarin ár. Gutti brennukóngur kom með olíuborpall með sér og tókst honum með góðri hjálp Gísla og Bjössa að koma eldi í köstinn og þá svo vel að logaði fram að þrettánda. Góð stemning var hjá söngglöðum Dalbúum með undirleik lúðrasveitarinnar. Óvenjumikið af aðkomufólki kom að bálinu og dregur sjálfsagt að sá skemmtilegi bragur sem við höfum með lúðræpyt og söng.

Skólaakstur

Mikið hefur skort á að heimflutningur Dalbarna úr skóla væri fullnægjandi eftir að nýtt kerfi Almenningsvagna tók við fólksflutningum innan bæjar og til Reykjavíkur. Þrátt fyrir mótmæli Dalbúa sl. haust við bæjarstjórn var lútið gert til úrbóta. Það var ekki fyrr en nefnd á vegum Dalbúafélagsins fór að ræða við Örn Karlsson framkvæmdastjóra AV að tengsl komust á við réttan aðila og er á áætlun að gefa út nýja leiðakerfisbók með breytingum sem eiga að taka gildi þann 30. 1. Þá verður bætt við ferðum eftir hádegis þannig að auðveldara verður fyrir börnin að komast heim án þess að þurfa að bíða klukkutímum saman eftir ferð, eða leggja af stað gangandi í þeirri von að einhver vinsamlegur Dalbúi á búi eigi leið hjá og sjái aumur á göngulúnu skólabarni.